

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Guðjón Steingrímsson f. h. Hálfðanar Ólafssonar, greiði stefnda, Skutli h/f, kr. 500.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Mánudaginn 19. marz 1956.

Nr. 16/1956. Ásbjörn Magnússon (Jón Þorsteinsson hdl.)
 gegn
Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs (Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ömerking og frávísun. Réttarfarssekt. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. febrúar 1956, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar s. á. Hefur hann fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti, dags. 14. janúar 1956. Eru dómkröfur hans þær, að honum verði dæmdar bætur úr hendi stefnda að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 9. október 1954 til greiðsludags og svo málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Í héraðsstefnu 9. október 1954 tjáist áfrýjandi þurfa að höfða mál samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 27/1951 gegn ríkissjóði „til greiðslu miskabóta að mati dómara“. Telur hann, að heimild til að gera kröfu, án þess nokkur fjárhæð sé tiltekin, sé í ákvæði 88. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir, að greina skuli í stefnu „kröfur þær, sem gerðar eru, svo skýrt sem unnt er, svo sem upphæð í krónutali, skaðabætur ótiltekið eða eftir mati“. Bendir áfrýjandi sérstaklega á orðið

„ótiltekið“ í ákvæði þessu til stuðnings því að leggja megi dóm á mál hans, þótt hann hafi eigi krafizt tiltekinnar fjárhæðar. Áður en lög nr. 85/1936 voru sett, hafði það um langan aldur verið meginregla íslenzks dómskaparéttar, að dómhæf er sú fjárkrafa ein, er fjárhæð hennar er tiltekin. Í 15. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832, er gildi fram til þess að lög nr. 85/1936 tóku gildi, var þessi regla orðuð svo: „þannig á, ef það“, þ. e. málið, „viðvíkur skuldakröfu, hennar upphæð að ákveðast“. Meginregla þessi hefur um mjög langan tíma gilt í löndum, sem hafa líka lögskipan og Ísland. Í athugasemdum við 88. gr. frumvarps áðurnefndra laga frá 1936 segir: „Ákvæði greinar þessarar eru í samræmi við gildandi reglur og eðli málsins, sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 5. gr.“. Skýra verður 88. gr. laga nr. 85/1936 til samræmingar við nefnda meginreglu þannig, að orðið „ótiltekið“ eigi einungis við, er stefna verður, áður en unnt er að tiltaka kröfuhæð, svo sem þá er málshöfðunarfrestur er að lokum kominn, enda sé krafa um ákveðna fjárhæð höfð uppi í málinu, svo fljótt sem kostur er, og eigi síðar en fyrir munnlegan málflutning eða fyrir lok skriflegs málflutnings. Í máli því, er hér liggur fyrir, mátti áfrýjandi þegar í stefnu gera kröfu um tiltekna fjárhæð. Þar sem hann hefur eigi gert það, eru kröfur hans ódómhæfar, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði, að öðru en varðar málskostnað, og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Áfengisflutningur sá, sem í máli þessu greinir, var þess eðlis, að lögreglumönnum og dómara var rétt og skylt að rannsaka hann ýtarlega. Við rannsóknina var eigi beitt neinum harðræðum né hún framkvæmd á særandi eða móðgandi hátt, og áfenginu var ekki haldið lengur í vörzlum lögreglunnar en nauðsyn bar til vegna rannsóknar málsins. Krafa áfrýjanda um bætur úr ríkissjóði var því algerlega að ófyrirsynju, og þykir rétt samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 188. gr. laga nr.

85/1936 að sekta hann fyrir bersýnilega tilefnislausu málshöfðun. Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 600.00, er renni í ríkissjóð, og komi varðhald 4 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað eiga að vera óröskuð. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur og svo málsmeðferð í héraði að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Ásbjörn Magnússon, greiði stefnda, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Jóns Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjandi greiði kr. 600.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 4 daga í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Árna Tryggvasonar.

Vínflutningur sá, er í málinu greinir, var þess eðlis, að full ástæða var til þeirra aðgerða lögreglumanna og dómara, sem lýst er í héraðsdómi. Aðgerðir þessar voru heldur ekki framkvæmdar á óviðurkvæmilegan hátt. Höfðun skaðabótamáls þessa af hálfu áfrýjanda verður því að teljast svo bersýnilega tilefnislaus, að átöluvert er, en hins vegar þykir ekki ástæða til að beita fésekt.

Að öðru leyti erum við samþykkir forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Dómur bæjarþings Akureyrar 15. ágúst 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. júlí s.l., hefur Ásbjörn Magnússon bifreiðarstjóri, Aðalstræti 17, Akureyri, samkvæmt heimild í

3. tl. 154. gr. laga nr. 27/1951 höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, út gefinni 9. október 1954, gegn dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu miskabóta að mati dómara auk 6% vaxta af þeirri upphæð frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags.

Bótakröfu sína reisir stefnandi á 151. gr. sbr. 1. mgr. 155. gr. laga nr. 27/1951, en hann telur sig hafa orðið að þola handtöku, hald á munum og leit að tilefnislausu og án þess að heimild til slíkra aðgerða væri fyrir hendi í sambandi við réttarrannsókn, sem beindist gegn honum og nokkrum öðrum mönnum, út af flutningi áfengis með m/b Drífu frá Siglufirði til Akureyrar hinn 1. júní 1954. Kveður stefnandi sig hafa orðið fyrir hneisu, álitsspjöllum og óþægindum að ósekju vegna þessara aðgerða.

Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að mati dómara, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en honum hefur samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 17. ágúst 1954, verið veitt gjafsókn í málinu fyrir héraðsdómi. Hinn reglulegi dómari, Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, vék sæti í málinu með úrskurði, upp kveðnum 8. nóvember 1954. Með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 2. desember 1954, var svo Ari Kristinsson fulltrúi skipaður til þess að fara með málið og dæma það.

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómara.

Sáttatilraun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru, eftir því sem fram hefur komið, þessir:

Mánudaginn 31. maí 1954, klukkan 6 e. h., fór stefnandi ásamt félögum sínum, þeim Höskuldi Helgasyni, Garðari Svanlaugssyni, Vernharði Sigursteinssyni og Sigurbjarna Zakaríassyni, sem allir eru atvinnubifreiðarstjórar á Bifreiðastöð Oddeyrar á Akureyri, á m/b Drífu, sem er 4 smálesta bátur og hefur ganghraða rúmar 8 mílur, frá Akureyri áleiðis til Héðinsfjarðar. Bátinn Drífu keypti stefnandi og ofangreindir bifreiðastjórar ásamt Sverri Jónssyni, bifreiðastjóra á B.S.O., af Útgerðarfélagi K.E.A. h/f, Akureyri, hinn 25. febrúar 1954 fyrir kr. 35.000.00.

Stefnandi og bifreiðastjórnarnir Sigurbjarni Zakaríasson, Stefán Helgason og Ólafur Þorbergsson áttu trillubát í nokkur ár, en seldu hann, skömmu áður en m/b Drífa var keyptur.

Til Héðinsfjarðar kom stefnandi og félagar hans um klukkan 10 um kvöldið. Höfðu þeir árabát aftan í m/b Drífu. Í Héðinsfirði lágu þeir við um nóttina og fram á næsta dag og stunduðu silungsveiði.

Félagar stefnanda segja, að hann, stefnandi, hafi séð um veiðileyfi fyrir þá féлага í Héðinsfirði.

Stefnandi segir, að það hafi ekki náðst í neinn á Siglufirði, sem veiðina gat leyft, en tengdafaðir sinn hafi talað við konu eins veiðiréttareigandans, og hafi hún hvorki leyft eða bannað þeim veiðina, en talið víst, að hún myndi þeim heimil og að allir veiddu í Héðinsfirði átölulaust. Leyfði kona þessi, að sögn stefnanda, þeim afnot af skipbrotsmannaskýlinu í Héðinsfirði, en hún er formaður slysavarnardeildarinnar. Stefnandi segir, að tengdafaðir sinn hafi ekki beinlínis borið þeim félögum þau orð, að þeim væri heimil veiðin endurgjaldslaust. Ekki munu þeir hafa verið krafðir um greiðslu fyrir veiðina.

Samkvæmt vottorði Eiríksinu Ásgrímsdóttur, Siglufirði, hefur hún ekki leyft neinum að veiða í Héðinsfirði, enda kveðst hún ekkert leyfi hafa til þess. Ásgrímur Sigurðsson, Siglufirði, vottar, að hann hafi ekki leyft neinum frá Akureyri að veiða silung eða annan fisk í Héðinsfirði og enginn fái veiðileyfi hjá sér, nema skriflegt, og fyrir það sé greitt um leið. Árni Jónsson, Ólafsfirði, vottar f. h. þeirra, sem tekið hafa ½ jörðina Vík í Héðinsfirði á leigu, að enginn þeirra hafi leyft nokkrum manni frá Akureyri eða Eyjafirði rétt til veiði fyrir landi nefndrar jarðar.

Verður því að telja, að stefnandi hafi ekki haft leyfi til að veiða í Héðinsfirði.

Um kl. 2 e. h. þriðjudaginn 1. júní fór Höskuldur Helgason, félagi stefnanda, einn á m/b Drífu til Siglufjarðar til áfengiskaupa fyrir þá bátsféлага, að undanskildum Sigurbjarna Zakaríassyni. Til Siglufjarðar kom Höskuldur um kl. 3 e. h. Keypti hann í áfengisverzluninni þar, að eigin sögn, áfengi fyrir kr. 19.080.00, og var því ekið um borð í Drífu. Hélt Höskuldur síðan til Héðinsfjarðar og hafði þar skamma viðdvöl. Til Akureyrar komu þeir félagar klukkan að ganga 11 um kvöldið og lögðu bátnum utan á þrjú skip, sem lágu í skipakvinni. Höfðu þeir rétt lokið við að binda bátinn og kastað veiðinni og dóti sínu upp í næsta skip, þegar Sigurður M. Helgason bæjarfógetafulltrúi kom til þeirra ásamt þremur lögregluþjónum. Kvaðst fulltrúinn ætla að láta leita í bátnum. Voru honum þá fengnir lyklarnir, og leit strax hafin. Fannst áfengið þegar, enda var það ekki falið, og tilkynnti fulltrúinn þeim, að lögreglan myndi taka það í sínar vörslur. Segir Höskuldur Helgason, að einn þeirra féлага hafi haft orð á því, hvort ekki væri betra að fara niður á Tangabryggju og skipa víninu þar upp, því það væri þægilegra þar og minna áberandi. Hafi fulltrúinn fallizt á þetta, og fóru þeir félagar, að undanskild-

um Sigurbjarna Zakaríassyni, sem fékk að vera eftir og sjá um veiði þeirra félaga og dót, með bátnum ásamt tveimur lögregluþjónum niður að Tangabryggju. Fulltrúinn og þriðji lögregluþjónninn komu þangað í lögreglubífreiðinni. Við Tangabryggju var víninu síðan skipað upp úr m/b Drífu og það sett í lögreglubífreiðina og þeim félögum sagt að fylgja öllum með upp á lögregluvarðstofu.

Stefnandi segir, að þeir félagar hafi ætlað að fá sér sendlabífreið til að keyra áfengið úr bátnum og ekki ætlað sér að nota eigin bífreiðar til þess. Hins vegar hafi ekki verið farið að tala um það, hvernig áfengið skyldi flutt í land eða hvenær.

Höskuldur Helgason segir, að það hafi ekki verið ætlunin að skipa áfenginu strax upp úr bátnum, heldur hafi átt að gera það síðar í kyrrþey og þannig, að sem minnst á því bæri. Ekki hafi verið ráðið, hvar áfenginu skyldi skipað upp. Margt manna hafi verið á bryggju, þegar Drífa kom til Akureyrar.

Vernharður Sigursteinsson segir, að það hafi ekki staðið til að taka áfengið strax upp úr bátnum við komu hans til Akureyrar, og gerir ráð fyrir, að það hafi þótt of áberandi að gera það í skipakvinni, en kveðst þó ekki muna, að um það hafi verið talað eða það áður ákveðið, hvenær áfengið skyldi tekið upp úr bátnum. Þá kveðst hann ekki vita, hvort ætlunin hafi verið að geyma áfengið í bátnum um nóttina og taka það þaðan síðar. Álitur hann, að þeir myndu hafa notað sendlabífreiðar við flutninginn.

Garðar Svanlaugsson segir, að þeir félagar hafi ekkert um það talað, hvenær áfengið skyldi tekið úr bátnum. Heldur hann, að það hafi verið meiningin að láta eigendurna sjálfa ná í áfengið um borð í m/b Drífu. Um það hafi ekkert verið talað, að áfenginu yrði uppskipað þannig, að sem minnst á því bæri. Kvaðst hann ekkert um það hafa hugsað og taldi áfengið „alveg frjálst“.

Höskuldur Helgason segir í skýrslu sinni, dskj. nr. 4, að þeir félagar hafi verið látnir bíða í um hálfa klukkustund á lögregluvarðstofunni, á meðan lögreglan taldi vínflöskurnar, en þeir ekki látnir fylgjast með talningunni. Á þessum tíma hafi þeir félagar óskað þess að fá að hringja heim til sín, en því verið neitað af lögreglumanni, en leyft síðan af rannsóknardómaranum.

Sigurður M. Helgason fulltrúi hóf rannsókn þá, sem beint var gegn stefnanda og félögum hans 1. júní 1954. Er sakadómur Akureyrar settur á lögregluvarðstofunni á Akureyri og fyrir tekið: „Rannsókn vegna gruns um brot á áfengislögum“. Getur rannsóknardómariinn þess, að þann sama dag hafi fulltrúi bæjarfógetans á Siglufirði hringt í bæjarfógetann á Akureyri og tjáð hon-

um, að báturinn Drífa hafi farið frá Siglufirði um daginn með ná- lægt 20 kassa af áfengi. Fylgdist rannsóknardómarinn síðan með bátnum og var viðstaddur með þremur lögregluþjónum, þegar báturinn lagðist að bryggju, og hóf þá leit í bátnum að áfengi, með því, eins og bókað er, „að flutningar þessir þóttu tortryggi- legir og ekki vissa fyrir, hvaðan áfengið væri fengið“. Við leit fundust 210 flöskur af áfengi, og reyndist það allt með merki áfengisverzlunarinnar, en áfengið var flutt til rannsóknar á lög- regluvarðstofuna. Í rétti upplýstist, að flöskurnar, sem í bátnum voru, voru 212, með því að tvær flöskur voru í tösku Höskuldar Helgasonar, en þær hafði lögreglan ekki tekið.

Klukkan 23.10 mætir Höskuldur Helgason í réttinum, en hann er fyrstur yfirheyrður af þeim félögum. Eigi verður af rannsókn- inni séð, hvað klukkan var, þegar rannsóknardómarinn kom niður að m/b Drífu við bryggjuna, en samkvæmt skýrslu Höskuldar Helgasonar var klukkan að ganga 11 um kvöldið, þegar þeir fé- lagar komu til Akureyrar.

Stefnandi mætir í réttinum klukkan 23.55 og vísar þaðan klukkan 00.15 þann 2. júní. Rannsóknin gagnvart stefnanda sjálf- um hefur því tekið í mesta lagi $2\frac{1}{4}$ klukkustund.

Fyrir réttinum (sakadómi) gerir Höskuldur Helgason þannig grein fyrir áfengiskaupunum, að fyrir stefnanda, Garðar og Vern- harð hafi hann keypt 128 flöskur, og hefur því sjálfur haft með 84 flöskur að gera. Nafngreinir Höskuldur í réttinum fimm bif- reiðastjóra, sem hann kveðst hafa keypt áfengi fyrir, samtals 46 flöskur. Fyrir sjálfan sig og hina aðra kveðst hann hafa keypt hitt, samtals 38 flöskur.

Stefnandi segir í réttinum, að hann hafi sjálfur með 50 flöskur að gera. Af því hafi hann keypt fyrir sjálfan sig 24 flöskur, en 26 flöskur hafi hann keypt fyrir hina og aðra, þar af 10 flöskur fyrir föður sinn. Þá nafngreinir hann mann, sem hann kveðst hafa keypt fyrir 6 flöskur af áfengi, svo og segist stefnandi hafa keypt 6 flöskur fyrir mann, sem hann neitar að gefa upp. Síðar segir stefn- andi í réttinum, að hann hafi átt 2 flöskur auk hinna 24 flaskna, sem áður getur, eða samtals 26 flöskur. Samkvæmt þessu vantar 2 flöskur, sem ekki er gerð grein fyrir, og virðist því stefnandi hafa átt sjálfur 28 flöskur. Stefnandi neitar því að hafa ætlað að leggja á áfengið, sem hann keypti fyrir aðra, en segir, að hann hafi ætl- að að leggja flutningsgjaldið, kr. 5.00, á flöskuna. Neitar stefn- andi því að hafa ætlað að selja áfengið, sem hann keypti fyrir sjálfan sig, og segist hafa ætlað að eiga það til eigin notkunar, en

ekki selja það. Síðan segir stefnandi, að flutningsgjaldið hafi átt að ganga til félagsins, sem á bátinn.

Undir flutningi málsins er það upplýst, að stefnandi og félagar hans kröfðust þess, að lögreglan skilaði áfenginu um borð í m/b Drífu, og neituðu að taka það sjálfir á lögregluvarðstofunni.

Um kl. 15 hinn 4. júní 1954 tilkynnir rannsóknardómarinn til Bifreiðastöðvar Oddeyrar, að áfenginu yrði skilað, og var það gert skömmu síðar. Var stefnandi staddur á bifreiðastöðinni, þegar boðin komu um það, hvenær skila ætti áfenginu.

Vitnið Kristján Hallgrímsson, ljósmyndari á Akureyri, tók myndir af þeim atburði, þegar lögreglan afhenti áfengið um borð í Drífu, og birtist sú mynd í Tímanum 9. júní 1954 að tilhlutan ljósmyndarans, að hans sögn, sem einnig kveðst hafa skrifað fréttatextann, sem fylgir myndinni. Aðra mynd tók hann af afhendingu áfengisins, og mun hún tekin við lögregluvarðstofuna. Þriðju myndina tók ljósmyndarinn af stefnanda og félögum hans um borð í m/b Drífu skömmu eftir afhendingu áfengisins.

Segir ljósmyndarinn, að Vernharður Sigursteinsson, Höskuldur Helgason og Garðar Svanlaugsson hafi keypt af sér myndir af atburðum þessum. Viðurkennir Vernharður að hafa keypt þessar myndir af Kristjáni, en minnst þess ekki, að Höskuldur eða Garðar hafi verið með honum, þegar hann keypti þær.

Þrjár myndir, sem ljósmyndarinn tók, voru festar upp í herbergi bifreiðastjóranna á B.S.O., sbr. dskj. nr. 24 og 25. Myndirnar sjást úr aðalafgreiðslunni, ef hurð bifreiðastjóraherbergisins er opin. Fyrir neðan myndirnar var prentuð áletrun, „Komið og skemmtið ykkur“, og þar fyrir neðan var skrifaður miði „Um borð í Drífu“. Áletrunin „Komið og skemmtið ykkur“ hafði verið rifin niður, skömmu áður en myndirnar á dskj. nr. 24 og 25 voru teknar. Ekki er vitað, hver það gerði, né heldur, hver hengdi myndirnar upp.

Ljósmyndarinn kveðst hafa tekið myndirnar fyrir sjálfan sig. Kveðst hann, áður en myndirnar voru teknar, hafa beðið bátsverjana á m/b Drífu að láta sig vita, hvenær afhending áfengisins færi fram, og þeir verið fúsir til þess. Segir ljósmyndarinn, að á sig hafi verið hringt frá B.S.O., rétt áður en áfenginu var skilað, og honum sagt, hvenær afhendingin færi fram. Kveðst hann hafa fengið sér bifreið og heldur, að það hafi verið bifreiðin A 600, eign Vernharðs Sigursteinssonar. Neitar Vernharður því að hafa ekið honum í þetta sinn, en segir ekki útilokað, að honum hafi verið ekið í sinni bifreið. Stefnandi og félagar hans neita því að hafa tilkynnt Kristjáni, hvenær afhenda ætti áfengið, og

því neitar og afgreiðslumaðurinn á B.S.O. Er því eigi vitað, hver það gerði.

Upplýst er, að m/b Drífa fór til Siglufjarðar í maí 1954. Stefnandi var eigi með í þeirri för. Höskuldur Helgason segir, en hann var með í þeirri för, að þá hafi þeir, sem með voru, keypt um helmingi minna áfengi en í förinni 1. júní.

Þá er það upplýst og viðurkennt af stefnanda, að m/b Drífa hafi komið til Dalvíkur í marz 1954, og var stefnandi með í þeirri för Drífu. Samkvæmt vottorði tveggja tollvarða, sem með Reykjafossi voru í eftirlitsferð í marz 1954, var Reykjafoss á Dalvík 11. marz 1954. Í þessari ferð Reykjafoss til landsins fannst töluvert af smygluðu áfengi, sbr. dskj. nr. 23.

Bæjarfógetinn á Akureyri vottar á dskj. nr. 3, að rannsókn sú, sem hafin var samkvæmt heimild í 19. gr. áfengislaganna þann 1. júní 1954 og beindist gegn stefnanda og félögum hans vegna gruns um ólöglega meðferð áfengis í sambandi við flutning á allmiklu áfengismagni frá Siglufirði til Akureyrar með m/b Drífu, hafi verið niður felld að svo stöddu, þar sem ekki þótti leitt í ljós, að ólöglegt athæfi hefði átt sér stað í sambandi við nefnt áfengi.

Atburðir þessir leiddu til nokkurra blaðafregna og blaðaskrifa, eins og skjöl málsins sýna. Hvergi er þó getið um nöfn þeirra Drífufélaga.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að rannsóknin gegn honum og félögum hans hafi leitt, svo sem ljóst sé, fyrst í stað til ýmissa villandi og ófrægjandi blaðafregna, sem líklega eigi rót sína að rekja að einhverju leyti til lögreglunnar á Akureyri, sem veitt hafi fregnriturum blaðanna upplýsingar.

Þessu er algerlega mótmælt af hálfu stefndu.

Vitnið Jón Benediktsson yfirlögregluþjónn, sem bókaði það, sem gerðist í réttarhöldunum á lögregluvarðstofunni 1. júní, minnst þess ekki, að þar hafi þá verið neinn óviðkomandi. Minnst hann þess, að umtal varð á milli lögregluþjónanna strax eftir réttarhöldin að hafa ekkert orð á viðburðum næturinnar, enda gerðu þeir ráð fyrir meiri og ýtarlegri réttarhöldum. Morguninn eftir vakti það strax athygli hans, að hann var stanzaður hvað eftir annað af óviðkomandi mönnum, sem vissu meira og minna um, hvað gerzt hafði, og taldi hann víst, að þessar upplýsingar hefðu þeir fengið frá skipverjum á m/b Drífu eða heimilum þeirra. Hinar villandi frásagnir blaðanna segir yfirlögregluþjónninn hafi einnig styrkt sig í þeirri trú, að upplýsingarnar gætu ekki verið frá lögreglunni. Segir hann, að þegar frá hafi liðið, megi vera,

að hann hafi verið spurður af einhverju af blöðunum, hvað rétt væri í máli þessu, og telur þá ekki útilokað, að hann hafi svarað því rétta, þótt hann reki ekki minni til sérstakra samtala.

Eins og áður er sagt, reisir stefnandi bótakröfu sína á 151. gr. sbr. 1. mgr. 155. gr. laga nr. 27/1951. Telur hann sig hafa orðið að þola handtöku, leit og hald á munum að tilefnislausu og án þess, að heimild til slíkra aðgerða væri fyrir hendi í sambandi við áður um getna réttarrannsókn. Telur stefnandi sig hafa orðið fyrir hneisu, álitsspjöllum og óþægindum að ósekju vegna þessara aðgerða. Stefnandi heldur því fram, að rannsóknin hafi verið tilefnislaus og öll lögmælt skilyrði til hennar brostið. Áfengið hafi allt verið löglegt, og lögreglan hafi vitað það, áður en rannsóknin hófst, að það var frá áfengisverzluninni á Siglufirði. Áfengi þaðan sé aldrei ólöglegt. Í 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954 sé engin heimild til þessarar rannsóknar. Grunur um brot á áfengislögum hafi ekki verið fyrir hendi. Telur stefnandi því, að skilyrði 1. tl. 151. gr. laga nr. 27/1951 til bóta séu samkvæmt framanrituðu fyrir hendi, þ. e. að lögmælt skilyrði til aðgerðanna hafi brostið. Þá er því af hálfu stefnanda haldið fram, að ekki hafi verið nægilegt tilefni til rannsóknarinnar og ekkert tilefni til að halda áfenginu í 2 sólarhringa. Það sé ekki af lögreglunnar hálfu hafin rannsókn út af flutningi áfengis með flugvélum eða í pósti, þótt vitað sé, að um mikið magn sé að ræða.

Það er hins vegar viðurkennt af umboðsmanni stefnanda, að aðgerðirnar (rannsóknin) hafi verið framkvæmdar á hógværan og kurteisan hátt og þær því ekki í sjálfu sér framkvæmdar þannig, að hættulegt, særandi eða móðgandi mætti teljast. Rannsóknin hafi hins vegar vakið athygli og verið til leiðinda og óþæginda fyrir stefnanda.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að lögmælt skilyrði til aðgerðanna hafi verið fyrir hendi og þær framkvæmdar af fyllstu kurteisi og tillitssemi til þeirra, sem þeim var beint gegn. Heimild til aðgerðanna sé í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1954. Það hafi verið vitað, að bátur stefnanda og félaga hans hafi verið með allmiklar áfengisbirgðir. Kaup og sala áfengis sé að lögum miklum hömlum háð. Löggæzlumönnum beri að lögum rík skylda til að fylgjast með og rannsaka það, sem í þessu sambandi virðist grunsamlegt. Þar sem þetta hafi verið önnur ferð bátsins með allmikið áfengismagn, hafi verið mun meiri ástæða til rannsóknarinnar. Þá mótmæla stefndu því sem röngu, að villandi eða ófrægjandi blaðafregnir hafi af völdum lögreglunnar komizt á kreik um málið eða að lögreglan beri ábyrgð á slíkum fréttaflutningi.

Því er eindregið mótmælt af stefndu, að gerðir lögreglunnar og rannsóknardómara hafi leitt til umtals, ámælis eða leiðinda fyrir stefnanda, sem skylt sé að bæta honum sem miska. Þar eð fyllsta heimild hafi verið til aðgerðanna og þær framkvæmdar á löglegan og viðeigandi hátt, geti ekki verið að ræða um skaðabótakröfu á hendur ríkissjóði vegna slíks miska. Áfengisflutningar inn á hér-aðsbannsvæði séu mjög í flimtingum hafðir og um þá skrifað í blöðum, jafnvel þótt neytendur láti senda sér áfengið í pósti, sbr. dskj. nr. 18 og 19. Þá halda stefndu því fram, að flutningur áfengisins með Drífu myndi hafa komið í háamáli og leitt til ámælis og leiðinda fyrir hlutaðeigendur, eins fyrir því þótt lögreglan hefði ekki látið málið til sín taka. Rannsóknin gegn stefnanda hafi verið niður felld að svo stöddu, þar sem ekki þótti leitt í ljós með henni, að ólöglegt athæfi hefði átt sér stað. Það, að sök sannast ekki við rannsókn, nægi út af fyrir sig ekki til þess að skapa ríkissjóði skaðabótaskyldu, ef heimild sé til rannsóknarinnar og hún framkvæmd á löglegan og viðeigandi hátt, svo sem verið hafi í þessu tilfelli.

Stefnandi reisir bótakröfu sína á 151. gr. laga nr. 27/1951, eins og áður er sagt. Samkvæmt þeirri grein má dæma bætur fyrir handtöku, leit á manni, rannsókn á heilsu manns og aðrar aðgerðir, sem hafa frelsisskerðingu í för með sér, aðrar en gæzluvarðhald og refsivist, svo og fyrir leit í húsum og hald á munum:

1. Ef lögmælt skilyrði hafa brostið til slíkra aðgerða.

2. Ef ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til nefndra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Leit var gerð í bát stefnanda og félaga hans og hald lagt á 210 flöskur af áfengi, sem þar fannst, og það flutt á lögregluvarðstofuna til rannsóknar. Var áfengið í vörzlum lögreglunnar og rannsóknardómara í um 64 klukkustundir. Rannsóknin, hvað stefnanda sjálfan snertir, tók $2\frac{1}{4}$ klukkustund í mesta lagi.

Er þá að athuga, hvort lögmæt skilyrði hafi brostið til rannsóknarinnar og aðgerða lögreglunnar.

Bæjarfógetinn á Akureyri segir, að rannsóknin hafi verið hafin samkvæmt heimild í 19. gr. áfengislaganna.

Í 2. mgr. 19. gr. laga þessara segir m. a., að menn með lögregluvaldi hafi vald til að hefja lögreglurannsókn gegn þeim, sem staðnir eru að broti á áfengislögunum eða grunaðir eru um brot. Þeir hafa vald til að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv. og stöðva þau, meðan á rannsókn stendur.

Í 2. mgr. 13. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63/1937 segir m. a., að skip, sem koma frá innanlandshöfnum eða af fiskveiðum, skuli, ef tolleftirlitsmenn telja þess þörf, háð sömu reglum og aðkomuskip, og skulu þá tolleftirlitsmenn, þegar þeir koma á skipsfjöl, tilkynna skipstjóra eða þeim, sem þar er í hans stað, að framkvæma eigi eftirlit á sama hátt og með aðkomuskipum.

Þá athugast það, að rannsóknardómarinn var viðstaddur leitina í bát stefnanda og féлага hans og stjórnaði henni og stefnandi eða félagar hans mótmæltu því ekki, að leitin væri gerð, og var því ekki þörf dómsúrskurðar. Verður því með tilvísun til nefndra lagagreina og samkvæmt ofanrituðu að álíta, að lögmælt skilyrði hafi verið fyrir hendi til aðgerðanna.

Er þá næst að athuga skilyrði 2. tl. 151. gr. og þá fyrst, hvort ekki hafi verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til aðgerðanna.

Bæjarfógetinn á Akureyri vottar, að rannsókn hafi verið hafin vegna gruns um ólöglega meðferð áfengis í sambandi við flutning á allmiklu áfengismagni frá Siglufirði til Akureyrar með m/b Drífu. Rannsóknardómarinn tekur fram, að flutningar þessir hafi þótt tortryggilegir og ekki vissa fyrir, hvaðan áfengið væri fengið.

Áfengisflutningarnir með Drífu í maí og 1. júní 1954 vöktu athygli lögreglunnar á Siglufirði, sbr. dskj. nr. 16 og 17. Lögregluþjónn, Ólafur Jóhannsson, Siglufirði, veitir því sérstaka eftirtekt, að um borð í bátnum Drífu í maíferðinni voru tómir pappakassar af sömu gerð og þeir, sem áfengisverzlunin notar undir áfengi, sem sent er úr bænum. Þá voru tómir pappakassar undan áfengi einnig með í 1. júní ferð Drífu.

Fulltrúi bæjarfógetans á Siglufirði lætur þess getið í símtali sínu við bæjarfógetann á Akureyri, að sami bátur, þ. e. Drífa, hefði þá fyrir skömmu farið aðra slíka ferð með sams konar farm.

Það verður að teljast upplýst, að m/b Drífa hafi komið á Dalvík 11. marz 1954, þegar Reykjafoss var þar, en í þeirri ferð Reykjafoss fannst töluvert af smygluðu áfengi.

Höskuldur Helgason telur, að í fyrri ferð m/b Drífu í maímánuði hafi verið keypt um helmingi minna magn en í síðari ferðinni. Stefndandi var að vísu ekki með í hinni fyrri ferð, en eigendur m/b Drífu hafa á stuttum tíma keypt yfir 300 flöskur af áfengi. Slík áfengiskaup fárra manna á svo stuttum tíma og að það skuli flutt á þenna hátt virðast vera grunsamleg, þegar þess er og gætt, að þeir, sem kaupin gerðu, eru atvinnubílstjórar í bæ, þar sem engin áfengisútsala er.

Samkvæmt framanrituðu verður því að telja, að nægilegt tilefni hafi verið til aðgerðanna, eins og á stóð.

Skilyrði 2. tl. 151. gr. til að dæma megi bætur eru þau, að aðgerðirnar hafi verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Það er viðurkennt af umboðsmanni stefnanda undir flutningi málsins, að rannsóknin hafi verið framkvæmd af fyllstu kurteisi og þrúðmennsku þeirra, sem að henni stóðu.

Rannsókninni virðist hafa verið flýtt, svo sem föng voru á, og stefnanda ekki haldið lengur en nauðsynlegt var.

Áfenginu hefur, ef til vill, verið haldið lengur en brýna nauðsyn bar til.

Stefnandi hefur ekki haldið því fram, að hann hafi orðið fyrir beinu fjártjóni, en krafist miskabóta að mati dómara.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að áleti dómarans, að skilyrði til að dæma stefnanda bætur samkvæmt 151. gr. laga nr. 27/1951 séu eigi fyrir hendi. Ber því að sýkna stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1600.00.

Ríkissjóður greiði málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Jóns Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af annriki dómarans vegna þingaferða og lögreglumála í Þingeyjarsýslu, allt frá því að málið var dómtekið. Að öðru leyti verður rekstur málsins að teljast vítalaus.

Ari Kristinsson setudómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Ásbjörns Magnússonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað, kr. 1600.00.

Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Jóns Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.